

92. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1863.
yfir Íslandi, um eiganda að timburhúsi á Löndum 3. desbrm.
í Vestmannaeyjum.

Eptir að dómsmálastjórnin með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dags. 12. septembermán. þ. á., hefir fengið ítarlegra álit sýslumannsins á Vestmannaeyjum um bænarskrá þá, er hingað hafði komið frá Sveini beyki Þórðarsyni þar á eyjunum, um að hann fái fullan eignarrétt yfir timburhúsi nokkru, er hann hafði byggt á Löndum, en þá jörð á hið opinbera, með þeim skilmálum, að hann borgi inn í umboðssjóðinn þá 34 rd. 72 sk., sem torfhúsin á Löndum, er hann tók við, en reif niður, er hann þangað kom, voru virt við virðingargjörð, er fram fór 12. dag nóvembermán. 1861 og staðfest var með eiði innan réttarins 18. dag s. m., og að hann eins og að undanfögnu greiði 32 fiska á ári í lóðargjald fyrir tæð hús — þá skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörði það Sveini beyki Þórðarsyni, að eptir því, sem ástatt er, er honum veitt það, sem hann hefir um sótt.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 8. desbrm.
yfir Íslandi, um lækkun á afgangi af jörðinni
Grímsstöðum.

Með því liðið var í síðustu fardögum það fimm ára tímabil, sem dómsmálastjórnin í bréfi 24. desembermán. 1858 hafði leyft, að lækka mætti um 5 álnir landskuldina af hverjum áttunda parti í jörðinni Grímsstöðum, en sú jörð heyrir undir Þykkvabæjar klausturs jarðagóz, og skyldi öll landskuldin þannig borguð með 120 álum á ári, hafið þér, herra stiptamtmaður, í bréfi 16. septembermán. þ. á. skýrt frá, að leiguliðarnir á jörð þessari hafi farið þess á leit við hlutaðeigandi umboðsmann, að hin sama linun í jarðarafgjaldinu verði enn veitt þeim um 5 ár, og að umboðsmaðurinn hafi mælt fram með, að bæn þeirra verði veitt þeim þannig, að ábúandinn á fjórða parti jarðarinnar fái 10 álna lækkun og þeir 4 ábúendurnir, sem hver fyrir sig

1863.

8. desbrm.

búa á einum áttunda parti jarðarinnar fyrir 20 álna landskuld, fái 5 álna lækkun hvor, en að þeir tveir ábúendurnir, sem eptir byggingarbréfum sínum aðeins eiga að greiða 15 álnir hvor í landskuld fyrir áttunda part jarðarinnar, skuli greiða þessa sömu landskuld.

Útaf þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, samkvæmt tillögum yðar, herra stiptamtmaður, og eptir þeim skýrslum, sem það hefir fengið um, hvernig ástatt er, fellst á, að jarðarafgjaldið sé lækkað á þann hátt, sem hlutaðeigandi umboðsmaður mælti fram með, um fimm ár, er talin sæu frá farðögum yfirstandandi árs.

8. desbrm.

94. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar í Einholti til sóknarprestsins.

Útaf bænarskrá, er Guðný Jónsdóttir, ekkja eptir sira Ólaf Magnússon, fyrrum prest til Einholts í Austurskaptafells sýslu, hafði sent yður, og sem hinn núverandi prestur í brauðinu hafði mælt fram með, hafið þér, háæruverðugi herra, í bréfi 23. septembermán. þ. á. stungið upp á, að hún af fæ Einholts kirkju fái borgaða þá 150 rdl., sem maður hennar átti hjá kirkjunni, af því, er hann hafði kostað uppá að láta byggja hana upp af nýju, á þann hátt, að hlutaðeigandi prestur verði skyldaður til að borga í 5 ár í röð 30 rdl. á ári af skuld þessari.

Um þetta efni er yður hérmeð kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér birtið það hlutaðeigendum, að stjórnarráðið samþykkir uppástungu yðar, ef stiptamtmaðurinn fellst á hana.

8. desbrm.

95. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skuld kirkjunnar á Desjarmýri til sóknarprestsins.

Með bréfi 24. dag septembermán. þ. á. hafið þér, háæruverðugi herra, sent stjórnarráðinu bænarskrá frá Sigurði Gunn-